



Golfklúbbur Skagafjarðar

Meistaramót GSS

Reglur og framkvæmd - uppfært 2026

1. gr. - Almenn

Golfklúbbur Skagafjarðar stendur fyrir Meistaramóti GSS. Meistaramótið fer fram í byrjun júlí ár hvert og þátttökurétt hafa þeir félagsmenn í GSS sem gengið hafa frá greiðslu félagsgjalds.

2. gr. - Flokkaskipting og skipulag

Meistaramót GSS er leikið í eftirfarandi flokkum og með eftirfarandi leikfyrirkomulagi.

Karlaflokkar				
Flokkur	Forgjöf	Teigur	Holur	Fyrirkomulag
Meistaraflokkur	9,9 eða lægra í forgjöf	Hvítur	72	Högggleikur (4x18)
1. flokkur	10-24 í forgjöf	Gulur	72	Högggleikur (4x18)
2. flokkur	24,1-36 í forgjöf	Gulur	54	Högggleikur (3x18)

Kvennaflokkar				
Flokkur	Forgjöf	Teigur	Holur	Fyrirkomulag
Meistaraflokkur	9,9 eða lægra í forgjöf	Blár	72	Högggleikur (4x18)
1. flokkur	10-24 í forgjöf	Rauður	72	Högggleikur (4x18)
2. flokkur	24,1-36 í forgjöf	Rauður	54	Högggleikur (3x18)

Öldungaflokkar (60+) óháð kyni				
Flokkur	Forgjöf	Teigur	Holur	Fyrirkomulag
Öldungar	36 eða lægra í forgjöf	Gulur / Rauður	27	högggleikur með forgjöf (3x9)

Háforfjaflokkur óháð kyni				
Flokkur	Forgjöf	Teigur	Holur	Fyrirkomulag
Háforfjaflokkur	30 eða hærra í forgjöf	Rauður	18	Punktakeppni með forgjöf (2x9)

Mótsstjórn getur heimilað kylfingum að leika einn flokk upp fyrir sig óski þeir þess. Beiðni um tilfærslu milli flokka verður að berast mótsstjórn minnst 48 tímum fyrir fyrsta rástíma. Aldurstakmark er 16 ár í meistaramót fullorðinna. Þeir sem eru yngri en 16 ára og hafa náð forgjafartakmarki sem sett eru í 1. flokki karla og kvenna hafa leikheimild í mótinu. Aðrir kylfingar yngri en 16 ára geta fengið leikheimild ef þjálfari mælir fyrir því og að fengnu samþykki mótanefndar.

Mótsstjórn hefur heimild til þess að sameina eða fella niður keppni í flokki ef færri en fimm eru skráðir til leiks í flokki.

3. gr. - Skráning og skráningarfrestur

Skráning í Meistaramót GSS fer fram í skráningarkerfi golf.is. Skráningarfrestur er til klukkan 20:00 síðasta fimmtudag fyrir mót. Mótsstjórn er heimilt að taka við skráningum sem berast eftir að skráningarfrestur er liðinn ef pláss er innan þeirra ráshópa sem flokknum hefur verið úthlutað.

4. gr. - Rástímar

Rástímaáætlun fyrir mótið í heild sinni skal birt með viku fyrirvara. Rástímaáætlun er síðan uppfærð þegar skráningu í mótið lýkur. Rástímar 1. keppnisdags eru birtir á sunnudag, í upphafi meistaramótsviku. Rástíma næstu keppnisdaga á eftir eru birtir eftir að allir keppendur sem leika eiga þann daginn hafa lokið leik daginn á undan. Raðað er handahófskennt í ráshópa á fyrsta keppnisdegi hvers flokks. Að loknum fyrsta hring er raðað eftir skori og sæti í flokk, þar sem neðstu sætin fara í fyrsta ráshóp og síðan koll af kalli.

5. gr. - Bráðabani og umspil

Verði skor jöfn um 1., 2. eða 3. sæti án forgjafar skal leika þriggja holu umspil á 5., 6. og 9. braut til úrslita. Fáist ekki niðurstaða eftir umspil leika keppendur bráðabana. Bráðabana í öllum flokkum fara fram á 9. braut, þar til úrslit eru fengin. Mótsstjórn mun auglýsa tímasetningu umspila og bráðabana. Mæti leikmenn ekki á teig þegar umspil eða bráðabani á að fara fram telst leikurinn tapaður fyrir þá leikmenn. Verði skor jöfn í punktakeppni eða forgjafarkeppni ráðast úrslit í skrifstofubrúðabana í samráði við golfreglur.

6. gr. - Verðlaun og lokahóf

Lokahóf Meistaramóts GSS frem fram að kvöldi síðasta keppnisdags, almennt á laugardagskvöldi. Veitt eru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í öllum flokkum.